



Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 16. Júní 2026

2605001HA BG
Málalýkill: 30.22

Efni: Umsögn um frumvarpi til laga um leiðarmerki og öryggi siglinga –570. mál.

Hafnasamband Íslands fagnar því að innviðaráðuneytið hafi lagt fram áform um endurskoðun gjaldaákvæða hafnalaga. Hafnasambandið hefur um nokkurt skeið bent á mikilvægi þess að ákvæði laganna um gjalddöku hafna verði tekin til endurskoðunar, enda eru núverandi gjaldaákvæði að mörgu leyti orðin úrelt og endurspegla ekki nægilega vel fjölbreytta og síbreytilega starfsemi hafna.

Hafnir eru mikilvægir innviðir fyrir atvinnulíf, byggðir og samfélög um land allt. Starfsemi þeirra hefur þróast hratt á undanförunum árum og felur nú í sér fjölbreytta þjónustu, auknar kröfur til mannvirkja, öryggis, umhverfismála, móttöku úrgangs, orkuskipta, farþegaþjónustu, lagareldis og annarrar hafntengdrar starfsemi. Gjaldtökuheimildir hafna þurfa að taka mið af þessari þróun og vera þannig úr garði gerðar að hafnir geti brugðist við breyttum aðstæðum með skýrum, gagnsæjum og lögmætum hætti.

I. TAKA VERÐUR MIÐ AF FJÖLBREYTTRI OG SÍBREYTTILEGRI STARFSEMI HAFNA

Stjórn Hafnasambands Íslands leggur áherslu á að gjaldaákvæði hafna taki mið af fjölbreyttri og síbreytilegri starfsemi hafna, enda á sér stað hröð þróun á því sviði. Mikilvægt er að lögin takmarki ekki möguleika hafna til að innheimta réttmæt gjöld vegna þeirrar þjónustu sem þær veita og þess kostnaðar sem af starfseminni hlýst. Skýr og traust lagaheimild til gjalddöku er forsenda þess að hafnir geti staðið undir rekstri, viðhaldi, endurnýjun og nauðsynlegri uppbyggingu hafnarmannvirkja.

Hafnasambandið telur sérstaklega mikilvægt að nýtt gjaldaákvæði verði einfaldara, skýrara og sveigjanlegra í framkvæmd en núgildandi ákvæði. Það þarf að vera ljóst hvaða kostnaðarliði gjaldtaka hafna má standa undir, þar á meðal rekstri, fjármagnskostnaði, afskriftum, endurnýjun hafnarmannvirkja og stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlunum hafna. Þá þarf að tryggja að gjaldskrár hafna geti tekið mið af raunverulegri þjónustu, aðstöðu og kostnaði hvernar hafnar, enda eru hafnir landsins ólíkar að stærð, hlutverki og rekstrarumhverfi. Hér þarf t.d. sérstaklega að horfa til þjónustu vegna sjókvíeldis þar sem kostnaður hafna getur m.a. verið fólgin í töpuðum tekjum þar sem ekki er hægt að nýta innviði fyrir aðra starfsemi samhliða notum sjókvíeldisfyrirtækja.



II. GAGNSÆ OG SKÝR GJALDTAKA

Hafnasambandið tekur undir að mikilvægt sé að gjaldtaka hafna sé gagnsæ og byggji á skýrum forsendum. Slík nálgun er bæði höfnum og notendum hafna til hagsbóta. Um leið þarf löggjöfin að tryggja að hafnir standi ekki frammi fyrir óþarfri réttaróvissu um heimildir sínar til að innheimta gjöld fyrir þjónustu og kostnað sem þær bera í reynd. Óskýr eða of þröng gjaldtökuheimild getur leitt til þess að hafnarsjóðir standi ekki undir rekstri, sem til lengri tíma getur haft neikvæð áhrif á viðhald og uppbyggingu mikilvægra innviða.

III. HEILDAR ENDURSKOÐUN HAFNALAGA


Hafnasamband Íslands hefur áður kallað eftir heildarendurskoðun hafnalaga og ítrekar þá afstöðu. Þótt endurskoðun gjaldaákvæða sé aðkallandi telur sambandið mikilvægt að hún verði ekki til þess að fresta óhóflega nauðsynlegri heildarskoðun á lögunum. Hafnalög þurfa að endurspegla nútímalegt rekstrarumhverfi hafna, hlutverk þeirra í atvinnu- og byggðaðróun og þær auknu kröfur sem gerðar eru til innviða, þjónustu og sjálfbærrar þróunar.

Hafnasamband Íslands leggur áherslu á að frumvarpið verði unnið í nánú samráði við sambandið, einstakar hafnir og sveitarfélög sem reka hafnir. Þekking hafna á eigin rekstri, þjónustupörf og fjárfestingarþörf er lykilforsenda þess að nýtt gjaldaákvæði verði raunhæft, skýrt og framkvæmanlegt.

Að framangreindu virtu styður Hafnasamband Íslands áform um breytingu á gjaldaákvæðum hafnalaga og telur brýnt að vinnunni verði hraðað. Markmiðið þarf að vera að ný ákvæði tryggi skýran, gagnsæjan og traustan lagagrundvöll fyrir gjaldtöku hafna, þannig að þær geti sinnt lögbundnu og samfélagslega mikilvægu hlutverki sínu til framtíðar.

Virðingarfyllt

HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Lúðvík Geirsson

formaður stjórnar Hafnasambands Íslands